



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 23/2014

Notkun á heitinu Atmo og léninu atmo.is

I.

Erindið

Með bréfi Atmo ehf. til Neytendastofu, dags. 12. nóvember 2012, er kvartað yfir notkun Andrúms ehf. á auðkenninu ATMO og myndmerki Atmo ehf. Í erindinu kemur fram að hönnunarfyrirtækið Atmo ehf. hafi verið til í tíu ár. Á þeim tíma hafi félagið notast við firmaheitið, vörumerkið og lénið en láðst hafi að endurnýja umsókn í tíma hjá Einkaleyfastofu og að endurnýja skráningu vefsíðunnar atmo.is. Andrúm hafi opnað verslun á Laugarvegi sem beri heitið Atmo, í nóvember 2012. Talsvert ónæði hafi hlotist af þessu, Atmo ehf. hafi fengið senda reikninga sem áttu að berast til Andrúms auk þess sem Atmo ehf. hafi fengið símtöl frá öðrum fyrirtækjum sem hafi áhyggjur af því að Andrúm hafi verið að komast inn á upplýsinga- og afsláttarkerfi sem Atmo ehf. hafi unnið sér inn á mörgum árum með mikilli vinnu og sé trúnaðarmál á milli Atmo ehf. og annarra fyrirtækja. Atmo ehf. telji notkun Andrúms á auðkenninu og myndmerkinu brjóta gegn 15. gr. a., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Í fylgiskjali birtust upplýsingar um þrjú tilfelli þar sem ruglast hafi verið á fyrirtækjunum.

II.

Málsmeðferð

1.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 14. nóvember 2012, var Andrúmi sent erindi Atmo ehf. til umsagnar.

Neytendastofu barst bréf Andrúms, dags. 3. desember 2012, þar sem fram kom að fyrirtækið Andrúm hafi verið stofnað fyrr á árinu 2012, í þeim tilgangi að setja upp verslun sem sérhæfi sig í íslenskri hönnun. Verslunin beri heitið Atmo og hafi opnað 15. nóvember 2012. Þar hafi vörur frá u.þ.b. 80 íslenskum hönnuðum, aðallega fatahönnuðum, verið seldar. Í mars 2012, hafi stærstur hluti eigenda Andrúms sett upp sýningu og verslun að Laugarvegi í tilefni Hönnunarmars í samvinnu við Hönnunarmiðstöð Íslands undir heitinu Atmo. Húsið var merkt með heitinu og birtust auglýsingar og kynningar í fjölmiðlum þar sem heitið Atmo kom fyrir.



Þannig hafi Atmo orðið þekkt hjá íslenskum hönnuðum. Það sé rétt að taupokasýnishorn hafi verið send á heimilisfang Atmo ehf., tekið hafi verið við sendingunni og neitað að afhenda hana aftur til póstsins sem hafi ollið Andrúm miklum vanda í kjölfarið.

Í bréfinu kemur jafnframt fram að það bendi allt til þess að það hafi ekki verið starfsemi hjá Atmo ehf. síðustu árin. Virðisaukaskattsnúmer Atmo ehf. hafi verið lokað árið 2008 og sé það númer lokað í dag. Atmo ehf. sé ekki skráð í símaskránni og sé ekki með heimasíðu og hafi ekki verið skráður réttthafi lénsins atmo.is. Atmo ehf. hafi beðið um skráningu til Einkaleyfastofu eftir að Andrúm var stofnað. Atmo ehf. sé skráð í atvinnugreinaflokk arkitekta (ísat 71.10.0) en Andrúm í atvinnugreinaflokkinn önnur blönduð smásala (ísat 47.19.0) í firmaskrá. Fyrirtækin séu í ólíkum rekstri, annars vegar verslunarrekstri og hinsvegar rekstri í kringum starfsemi arkitekta, þannig að engin ruglingshætta sé til staðar. Þá sé til einkahlutafélag sem heiti Atmos ehf. Það félag sé líklega í fullri starfsemi þar sem það sé með opið virðisaukaskattsnúmer. Ef slegið sé inn orðinu Atmo í leitarvélina Google þá komi ekkert upp sem tengist Atmo ehf. eða eiganda félagsins. Andrúm hafi ekki brotið gegn 15. gr. a., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005.

2.

Með bréfi Neytendastofu dags. 5. desember 2012, var Atmo ehf. sendar athugasemdir Andrúms til umsagnar.

Neytendastofu bárust athugasemdir Atmo ehf. með bréfi, dags. 10. desember 2012. Þar kemur fram að Atmo ehf. sé hönnunarfyrirtæki sem sé skráð hjá firmaskrá. Tilgangur félagsins sé hönnun, önnur ótalin viðskipti og sérhæfð þjónusta. Því sé Andrúmi óheimilt að nota firmanafnið Atmo ehf. í atvinnustarfsemi sinni.

Andrúm noti heitið Atmo á verslun, auglýsi undir því nafni, noti lénið atmo.is sem áður hafi verið í eigu Atmo ehf. og noti netfangið atmo@atmo.is sem Atmo ehf. hafi notað áður. Starfsfólk verslunarinnar noti heitið Atmo í starfstilum og megi þar nefna viðtal við framkvæmdastjóra Andrúms þar sem hann var titlaður framkvæmdastjóri Atmo. Myndmerki verslunarinnar Atmo sé afar líkt myndmerki félagsins Atmo ehf. sem hafi verið skráð hjá firmaskrá og Einkaleyfastofu síðan árið 2002. Um augljósa hagsmunaárekstra milli Atmo ehf. og Andrúms hafi verið að ræða frá því að verslunin Atmo tók til starfa. Sem dæmi vísi Atmo ehf. til fimm reikninga sem sendir hafi verið til Atmo ehf. vegna ruglings og taupokasýnishorns sem sent var Atmo ehf. í pósti en átti að berast til Andrúms. Líkt og Andrúm bendi á í bréfi sínu olli þetta Andrúmi miklum vanda og sýni vel hve árekstrarnir vegna heitis verslunarinnar Atmo hafi haft slæm áhrif. Um meira en mannleg mistök hafi verið að ræða þar sem sýnishornin voru skráð á félagið Atmo ehf. og á heimilisfang fyrirtækisins. Atvikið sýni svo ekki verði um villst hvernig verslunin Atmo sé að nota heitið í viðskiptum við birgja og hve slæm áhrif það hafi.



Atmo ehf., viðskiptavinum þess og öðrum birgjum fyrirtækisins sé umhugað að Andrúm sé ekki að nota heitið Atmo. Verslunin Atmo hafi komist í eitt afsláttarkerfi Atmo ehf. sem sé trúnaðarmál milli Atmo ehf. og annarra fyrirtækja. Atmo ehf. vilji að sama skapi alls ekki fá reikninga verslunarinnar Atmo endurtekið á sína kennitölu með þeim vandkvæðum sem því fylgi.

Þegar fyrirtækið Andrúm hafi verið stofnað hafi Fyrirtækjaskrá bent stofnendum Andrúms á að ekki mætti nota fyrirtækjaheitið Atmo þar sem fyrirtæki með því nafni væri nú þegar til. Því mátti Andrúmi vera ljóst að fyrirtækið gæti ekki notað heitið Atmo eða lénið atmo.is þar sem augljósir árekstrar gæti átt sér stað.

Á heimasíðu Andrúm, atmo.is, komi fram að markmið verslunarinnar sé að auðvelda aðgang að íslenskri hönnun, auka veg og virðingu íslenskrar hönnunar, aðstoða íslenska hönnuði við að selja sína hönnun, bæði hérlendis og erlendis, þannig að þeir geti sett tíma sinn sem mest í að hanna og þróa nýjar vörur. Eigandi Atmo ehf. sé hönnuður. Atmo ehf. sé hönnunarfyrirtæki og hafi unnið að margvíslegri hönnun í gegnum árin. Eigandinn hafi m.a. hannað og framleitt teppi fyrir íslenskan markað, sem sé m.a. til hjá Hönnunarsafni Íslands, unnið að hönnun á skóm sem framleiddir voru fyrir íslenskan og erlendan markað. Hannað útlit, myndmerki og fleira efni, ásamt ráðgjöf um hönnun og umsjón með stórum verkefnum þar sem ráðnir séu inn fleiri verktakar fyrir fyrirtæki og einstaklinga ásamt hönnun fyrir rými utanhúss og innanhúss þar sem útlitshönnun komi við og hafi þar með að gera að skapa stemningu í rými (e: mood, atmosphere). Því skjóti það skökku við að Andrúm láti sér fátt um finnast um hönnuðinn og hönnunarfyrirtækið Atmo ehf.

Á árinu 2008 hafi aðstæður í landinu verið afar sérstakar og mörg fyrirtæki hafi þurft frá að hverfa. Eigandi Atmo ehf. hafi ákveðið að sækja framhaldsnám í viðskiptum og var sannfærð um að það myndi nýtast Atmo ehf. síðar auk þess sem hún fór í barneignarleyfi. Þar sem um litla starfsemi var um að ræða á þessum tíma þá hafi kostnaðurinn verið lágmarkaður til að koma til móts við litla innkomu fyrirtækisins. Atmo ehf. hafi staðið við allar sínar fjárskuldbindingar og sent inn ársreikningsuppgjör á hverju ári. Það að virðisaukaskattsnúmer Atmo ehf. hafi verið lokað tímabundið árið 2008 breyti því ekki að Atmo ehf. hafi verið skráð í firmaskrá frá árinu 2002 og verið með vefsíðuna atmo.is frá 10. október 2001 og notað netfangið atmo@atmo.is sem Andrúm noti í dag. Af sömu ástæðu hafi heimasíðu og skráningu í símaskrá verið lokað tímabundið á meðan versta ástandið gengi yfir þjóðfélagið. Eigandi Atmo ehf. hafi alltaf haft í hyggju að virkja virðisaukaskattsnúmerið sem sé til, opna heimasíðuna og skrá fyrirtækið í símaskrá á nýjan leik.

Það að heitið Atmo hafi verið notað í viku fyrr á árinu í tengslum við Hönnunarmars gefi eigendum Andrúms ekki leyfi til að stofna til verslunar með heitinu Atmo. Google sé ekki ein af réttarheimildum íslensks réttarfars. Það sem skipti máli sé að Atmo ehf. sé skráð á réttum stöðum hjá Ríkisskattstjóra og Einkaleyfisstofu.



Eigendur hlutafélagsins Atmos hafi haft samband við Atmo ehf. árið 2009 þegar þau höfðu hug á að stofa sitt félag og spurt hvort þau mættu nota heitið Atmo. Í staðinn fyrir að neita var ákveðið að leita lausna og lagt til að þau bættu stafnum „s“ við sitt firmaheiti. Með þeim hætti yrðu minni líkur á ruglingi.

Ekkert í bréfi Andrúms réttlæti notkun Andrúms á heitinu Atmo eða léninu atmo.is og um skýrt brot sé að ræða.

3.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 11. desember 2012, var óskað skýringa eða athugasemda Andrúms vegna bréfs Atmo ehf.

Neytendastofu barst tölvubréf Andrúms, dags. 7. janúar 2013. Í bréfinu kemur fram að Andrúm hafi farið á fund hjá Einkaleyfastofu þar sem fram hafi komið að myndmerki Atmo ehf. hafi verið skráð þann 3. desember 2001, það hafi verið afmáð 29. júní 2012 þar sem Atmo ehf. endurnýjaði ekki skráninguna.

Þann 24. október 2012 hafi framkvæmdastjóri Andrúms farið til Einkaleyfastofu til að skrá vörumerkið ATMO sem sé sérteiknað af listamanninum Munda sem hafi hannað myndmerkið á tímabilinu jan.-mars 2012. Framkvæmdastjóri Andrúms hafi fengið þau svör frá Einkaleyfastofu að eigandi Atmo ehf. hafi komið fyrir sama dag með sama myndmerki og skráð það. Hafi starfsmaður Einkaleyfastofu verið undrandi á þessu.

Það líti út fyrir að Atmo ehf. hafi tekið myndmerki Andrúms af heimasíðu verslunarinnar og skráð það sem sitt eigið. Myndmerkin séu nákvæmlega eins. Myndmerkið sem eigandi Atmo ehf. skráði í desember 2001 sé gjörólíkt myndmerkinu sem hann skráði október 2012. Í ljósi framangreinds blasi við að um alvarlegt mál sé að ræða og muni Andrúm andmæla skráningu Atmo ehf. hjá Einkaleyfastofu.

Í bréfi Atmo ehf. komi fram að Andrúm hafi komist inn í afsláttarkerfi Atmo ehf., það sé rétt og að póstur sem hafi átt að berast til Andrúm hafi borist til Atmo ehf. Framkvæmdarstjóri Andrúms sé búinn að hafa samband við alla sem Andrúm hafi verslað við til að tryggja að aðilarnir sendi frá sér reikninga og upplýsingar með réttum hætti hér eftir.

Ítrekaðar séu þær staðreyndir í málinu að það bendi allt til þess að það hafi ekki verið starfsemi hjá Atmo ehf. síðustu árin. Það sé staðfest í bréfi Atmo ehf. þar komi fram að engin starfsemi hafi verið í félaginu síðustu árin. Virðisaukaskattsnúmer Atmo ehf. hafi var lokað 2008 og sé enn lokað. Atmo ehf. sé ekki skráð í símaskrá eða með vefsíðu og hafi ekki verið skráður réttihafi lénsins atmo.is. Atmo ehf. hafi beðið um skráningu til Einkaleyfastofu eftir að Andrúm var stofnað. Atmo ehf. og Andrúm séu skráð í ólíka atvinnugreinaflokkum og séu í ólíkum rekstri, því sé engin ruglingshætta til staðar. Það sé til skráð einkahlutafélag sem heiti Atmos ehf. sem sé í fullri starfsemi. Ef slegið er inn leitarorðinu Atmo hjá Google þá komi



ekkert upp sem tengist Atmo ehf. Því blasi við að það hafi verið búið að leggja niður alla starfsemi Atmo ehf. fyrir nokkrum árum síðan.

4.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 7. janúar 2013, var Atmo ehf. sent bréf Andrúms til umsagnar.

Neytendastofu barst tölvupóstur Atmo ehf., dags. 8. janúar 2013, þar sem fram kemur að ekki sé ástæða til koma að frekari athugasemdum og óskað sé eftir að málið verði tekið fyrir hjá Neytendastofu.

Neytendastofa sendi málsaðilum bréf, dags. 29. janúar 2013, þar sem fram kemur að samkvæmt upplýsingum sem Neytendastofa hafi aflað sé til meðferðar hjá Einkaleyfastofu andmæli Andrúms í tilefni umsóknar Atmo ehf. á skráningu myndmerkisins ATMO. Jafnframt liggja fyrir hjá Einkaleyfastofu umsókn Atmo ehf. um skráningu orðmerkisins ATMO. Þar sem málið varði rétt til auðkennisins ATMO og til samræmis við almennar reglur stjórnsluréttarins um að sama mál skuli ekki vera til meðferðar hjá tveimur stjórnvöldum á sama tíma muni Neytendastofa ekki taka ákvörðun í málinu fyrr en niðurstaða Einkaleyfastofu liggja fyrir.

Neytendastofu barst bréf Atmo ehf., dags. 17. desember 2013, þar sem fram kemur að í framhaldi af úrskurði í áfrýjunarmáli Einkaleyfastofu, dags. 15. desember 2013, sem sýni að Atmo ehf. eigi rétt á orð- og myndmerkinu ATMO, sé Neytendastofa beðin um að taka málið upp að nýju. Meðfylgjandi var úrskurður Einkaleyfastofu.

5.

Neytendastofa sendi Atmo ehf. bréf, dags. 9. janúar 2014, þar sem fram kemur að í bréfi Atmo ehf. til Neytendastofu, dags. 17. desember, sé með vísan til úrskurðar Einkaleyfastofu nr. 14/2013, óskað eftir endurupptöku máls hjá Neytendastofu, dags. 12. nóvember 2012, þar sem Atmo ehf. kvartar yfir notkun Andrúms á auðkenninu ATMO. Í ljósi þess að aðstæður séu breyttar frá því erindi Atmo ehf. var sent til Neytendastofu sé nauðsynlegt að Neytendastofu verði sent nýtt erindi.

Neytendastofu barst bréf Atmo ehf., dags. 10. janúar 2014, þar sem fram kemur að vísað sé til bréfs Atmo ehf., dags. 10. desember 2012, auk þess sem fram kemur að frá því að bréf Atmo ehf., dags. 10. desember 2012, hafi verið skrifað hafi fleiri reikningar sem tilheyri Andrúmi verið skráðir á Atmo ehf. Virðisaukaskattsnúmer Atmo ehf. sé virkt ásamt skráningu í símaskrá og því hafi viðskiptavinir hringt og spurt um vörur sem Andrúm selji, Atmo ehf. til mikils ónæðis. Samningaleiðin hafi verið reynd þar sem m.a. hafi verið farið á fund með forsvarsaðilum Andrúms, án árangurs. Forsvarsaðilar Andrúms hafi komið fram í fjölmiðlum þar sem Atmo hafi verið auglýst þrátt fyrir að þeim hafi verið fullkunnugt um Atmo ehf. á



þeim tíma. Vorið 2013 hafi fjármálastjóri Andrúms tollað vörur Andrúms á kennitölu Atmo ehf. sem hafi ollið miklu ónæði og tíma við lagfæringar fyrir Atmo ehf.

Lögmaður Andrúms hafi endurnýjað skráningu lénsins atmo.is nýlega þrátt fyrir að Einkaleyfastofa hafi úrskurðað um að framkvæmdarstjóri Atmo ehf. sé eigandi orð- og vörumerkisins ATMO. Í úrskurði Einkaleyfastofu segi að andmæli Andrúms gegn skráningu vörumerkisins (orð- og myndmerkis) séu ekki tekin til greina. Þar komi fram hvernig Andrúm ásaki Atmo ehf. um stuld á eigin myndmerki. Eigandi Atmo ehf. sé löggiltur grafískur hönnuður sem hafi hannað myndmerkið í kringum 2004 og það hafi verið í notkun síðan. Andrúm segi að Mundi hafi verið fenginn til að hanna myndmerkið ATMO árið 2012. Myndmerkið sem Mundi hafi hannað sé keimlíkt myndmerki Atmo ehf. frá árinu 2004. Úrskurðarorðin séu að skráning merkisins ATMO (orð- og myndmerki) skuli halda gildi sínu. Samkvæmt því eigi forsvarsmaður Atmo ehf. fyrsta rétt á auðkenninu ATMO.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 15. janúar 2014, var Andrúmi sent bréf Atmo ehf. til umsagnar. Ekkert svar barst Neytendastofu.

Með bréfi Neytendastofu til Andrúms, dags. 3. febrúar 2014, var ósk um skýringar eða athugasemdir félagsins ítrekaðar. Ekkert svar barst Neytendastofu.

6.

Með bréfi Neytendastofu til málsaðila, dags. 7. mars 2014, var tilkynnt að gagnaöflun í málinu væri lokið og að þeim yrði tilkynnt ákvörðun stofnunarinnar um leið og hún lægi fyrir. Bréfinu fylgdi listi yfir gögn málsins.

III.

Niðurstaða

1.

Í máli þessu kvartar Atmo ehf. yfir notkun Andrúm ehf., á heitinu Atmo og léninu atmo.is. Hönnunarfyrirtækið Atmo ehf. hafi verið til í tíu ár og notast við firmaheitið, auðkennið og lénið en að láðst hafi að endurnýja umsókn í tíma hjá Einkaleyfastofu og að endurnýja vefsíðuna atmo.is. Andrúm hafi opnað verslun með heitinu Atmo í nóvember 2012. Talsvert ónæði hafi hlotist af þessu þar sem Atmo ehf. hafi fengið senda reikninga sem áttu að berast til Andrúms auk þess sem Atmo ehf. hafi fengið símtöl frá öðrum fyrirtækjum sem hafi áhyggjur af því að Andrúm hafi verið að komast inn á upplýsinga og afsláttarkerfi sem Atmo ehf. hafi unnið sér inn og sé trúnaðarmál á milli Atmo ehf. og annarra fyrirtækja. Notkun Andrúms á auðkenninu og myndmerkinu brjóti gegn 15. gr. a., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.



Andrúm hafi verið stofnað árið 2012, í þeim tilgangi að setja upp verslun sem sérhæfi sig í íslenskri hönnun. Verslunin hafi opnað 15. nóvember 2012 og séu vörur frá u.þ.b. 80 íslenskum hönnuðum í versluninni, aðallega fatahönnuðum. Stærstu eigendur félagsins hafi notað heitið Atmo í tengslum við hönnunarhátíðina Hönnunarmars í mars 2012 og hafi notast áfram við það þegar verslunin var opnuð síðar sama ár. Allt bendi til þess að það hafi ekki verið starfsemi hjá Atmo ehf. síðustu árin. Virðisaukaskattsnúmeri Atmo ehf. hafi verið lokað árið 2008 og hafi það enn verið lokað þegar erindi Atmo ehf. barst Neytendastofu. Atmo ehf. sé ekki skráð í símaskrá, sé ekki með heimasíðu og hafi ekki verið skráður réttihafi lénsins atmo.is. Atmo ehf. hafi sótt um skráningu auðkennisins ATMO til Einkaleyfastofu eftir að Andrúm var stofnað. Atmo ehf. sé skráð í atvinnugreinaflokk arkitekta (ísat 71.10.0) en Andrúm sé skráð í atvinnugreinaflokkinn önnur blönduð smásala (ísat 47.19.0) hjá firmaskrá. Fyrirtækin séu í ólíkum rekstri, annars vegar verslunarrekstri og hinsvegar rekstri í kringum starfsemi arkitekta, þannig að engin ruglingshætta sé til staðar.

2.

Í 5. gr. laga nr. 57/2005 kemur fram að óréttmætir viðskiptahættir séu bannaðir. Bannið gildi áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fara fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Ákvæði 15. gr. a., sem er í V. kafla laganna, er svohljóðandi:

„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“

Í ákvæðinu felst almenn vernd auðkenna sem kemur til fyllingar á vörumerkjavernd. Fyrri málsliður 15. gr. a. hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Af lögskýringargögnum sést glögg að ákvæðið skiptir máli um viðbótarvernd við þá vernd sem framangreind sérlög veita auðkennum. Þar kemur einnig fram að í 2. másl. greinarinnar sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti. Þetta ákvæði tekur því til sömu auðkenna og almenna reglan í 1. málslið. Þessi málsliður á við í þeim tilvikum sem báðir málsaðilar eiga rétt til auðkenna sinna og þarf þá að líta til þess hvort notkun þess sem seinna byrjaði notkun valdi ruglingshættu milli aðila.

Báðir aðilar hafa að einhverju leyti skráð auðkenni sín með þar til bærum hætti. Þannig hefur Atmo ehf. átt skráð firma hjá firmaskrá frá árinu 2002 og fékk skráð orð- og myndmerkið ATMO hjá Einkaleyfastofu eftir að meðferð málsins hófst hjá Neytendastofu. Þá á Andrúm



skráð lénið atmo.is hjá ISNIC en Andrúm á hinsvegar ekki skráð heitið Atmo fyrir fyrirtæki sitt eða vörumerkið ATMO hjá Einkaleyfastofu og hefur ekki sýnt fram á rétt til þess fyrir notkun. Samkvæmt því kemur 1. máls. 15. gr. a. til álita vegna notkunar Andrúms á heitinu Atmo og 2. máls. 15. gr. a. til álita í málinu vegna skráningar þess á léninu atmo.is.

3.

Réttur til vörumerkis getur stofnast annars vegar fyrir skráningu og hins vegar fyrir notkun. Meginreglan er sú að eigandi merkis öðlast einkarétt til nafnsins og er öðrum þar með óheimilt að nota það eða annað nafn sem líkist því svo mikið að ruglingshætta skapist. Ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 er einkum ætlað að vernda auðkenni gegn því að keppinautur noti annað auðkenni sem líkist því mikið. Við mat á ruglingshættu er litið til þess hvort málsaðilar séu í samkeppni og hvort þeir séu á sama markaðssvæði. Til þess að njóta einkaréttar verður vörumerkið að vera þess eðlis að það geti aðgreint eiganda vörumerkis málsaðila eða vöru hans eða þjónustu frá keppinautum og takmarkast verndin því við að vörumerkið sé ekki almennt orð og lýsandi fyrir þá vöru eða þjónustu sem málsaðili og keppinautar hans bjóða.

Af hálfu Neytendastofu er fallist á að heitið og auðkennið ATMO og lénið atmo.is uppfylli framangreind skilyrði þess að njóta verndar 15. gr. a. laga nr. 57/2005. Heitið er ekki almennt orð enda er orðið ekki að finna í íslenskum orðabókum. Orðið vísar hvorki til vöru eða þjónustu sem í boði er, né vekur hugmynd um sérstakan atvinnurekstur. Atmo ehf. var fyrst hér á landi til að nota og skrá orðið Atmo fyrir fyrirtækjarekstur. Orðið hefur því töluvert sérkenni og telur Neytendastofa það hvorki vera lýsandi fyrir starfsemi Atmo né starfsemi Andrúms.

Atmo ehf. fékk myndmerkið ATMO skráð þann 1. nóvember 2012 og firmaheitið skráð þann 14. janúar 2002 auk þess sem Atmo ehf. var skráð fyrir léninu atmo.is frá 10. október 2001 til 5. nóvember 2008. Virðisaukaskattsnúmeri félagsins var lokað árið 2008 en opnað aftur þann 1. desember 2012, skömmu áður en erindið barst Neytendastofu. Í erindinu er um það deilt hvort Atmo ehf. hafi misst rétt til auðkennis þar sem starfsemi félagsins lá niðri. Að mati Neytendastofu átti Atmo ehf. enn rétt til auðkennisins enda firmaheitið enn skráð og félagið skilaði inn ársreikningum á hverju ári.

Aðilum málsins greinir á um það hvort þeir séu í samkeppni. Af hálfu Andrúm hefur verið bent á að félögin séu skráð hvort í sinn atvinnugreinaflokk hjá firmaskrá sem sýni að þau séu ekki keppinautar á markaði. Samkvæmt skráningu firmaskrár er Atmo ehf. skráð í atvinnugreinaflokk ÍSAT nr. 74.10.0 sem er sérhæfð hönnun og atvinnugreinaflokkinn ÍSAT nr. 71.11.0 sem er starfsemi arkitekta. Andrúm er hins vegar skráð í atvinnugreinaflokk ÍSAT 47.19.0 sem er önnur blönduð smásala. Þegar flokkarnir eru skoðaðir nánar má sjá að undir ÍSAT flokk nr. 74.10.0, sem Atmo ehf. er skráð í, fellur m.a. sérhæfð hönnun. Til þess flokks telst m.a. tískuhönnun tengd textílum, fatnaði, skóm, skartgripum, húsgögnum og annarri tískuvöru og einnig öðrum vörum fyrir einstaklinga eða heimili. Andrúm rekur



verslun og vefsíðu undir heitinu Atmo þar sem seld eru föt, skór og aðrar vörur eftir íslenska hönnuði. Þrátt fyrir að Atmo ehf. sé skráð í atvinnugreinaflokkinn sérhæfð hönnun en Andrúm í flokkinn önnur blönduð smásala telur Neytendastofa ljóst af gögnum málsins að bæði félögin koma að markaðssetningu og sölu á íslenskri hönnun. Neytendastofa telur líkindi með starfseminni þeirra því svo mikla að ekki sé hægt að útiloka samkeppni. Auk þess sem bæði fyrirtæki eru skráð í Reykjavík svo gera má ráð fyrir að markaðssvæði þeirra sé hið sama. Notist báðir aðilar við auðkennið getur því verið hætta á ruglingi milli aðilanna.

Samkvæmt framansögðu er það mat Neytendastofu að notkun Andrúms á heitinu Atmo sé brot gegn ákvæði 1. máls. 15. gr. a. laga nr. 57/2005, sbr. 5. gr. sömu laga.

Fyrir liggur í málinu að Andrúm á hafi skráð lénið atmo.is, sem Atmo ehf. var áður skráð fyrir. Hlaut Andrúmi að vera ljóst að notkun lénsnafnsins kynni að brjóta í bága við einkarétt keppinautarins til firmanafnsins Atmo ehf. og lénsnafnsins atmo.is. Að öllu ofangreindu virtu telur Neytendastofa að skráning og notkun Andrúms á heitinu Atmo og léninu atmo.is leiði til þess að villst verði á því og fyrirtækinu Atmo ehf. Í ljósi þess að Atmo ehf. hefur verið rekið frá árinu 2002 mátti Andrúmi vera ljóst að skráning þess og væntanleg notkun á léninu atmo.is gæti valdið ruglingi við Atmo ehf. Skráning Andrúms á léninu atmo.is er því að mati Neytendastofu brot á 2. máls. 15. gr. a. laga nr. 57/2005.

Með vísan til framangreinds bannar Neytendastofa Andrúm notkun á heitinu Atmo og léninu atmo.is og leggur fyrir félagið að afskrá lénið atmo.is og hætta að reka starfsemi sína undir því heiti.



IV.

Ákvörðunarorð:

„Andrúm ehf., Laugavegi 91, 101 Reykjavík, hefur með notkun heitisins Atmo og skráningu og notkun lénsins atmo.is brotið gegn ákvæðum 15. gr. a. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sbr. einnig 5. gr. sömu laga.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er Andrúmi ehf. bönnuð öll notkun á heitinu Atmo og notkun á léninu atmo.is.

Bannið tekur gildi fjórtán dögum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar og skal Andrúm ehf. innan þess tíma afskrá lénið atmo.is hjá ISNIC.

Bann þetta er að viðlögðum sektum skv. IX. kafla laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.“

Neytendastofa, 14.apríl 2014

Tryggvi Axelsson
Forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir